

Hulda (Unnur Benediktsdóttir Bjarklind) og þulan

Á tímum angurværðar 1900–1930 var þulan dregin á ný fram í dagsljósið. Hulda er sá höfundur sem þróaði þuluformið listilega vel. Lestu neðanmálgreinina (nr. 13) í bókmenntasögunni á bls. 16 og heimfærðu það sem þar er sagt upp á þulu Huldu sem hér fer á eftir.

Ljáðu mér vængi

„Grágæsa móðir!
ljáðu mér vængi”,
svo ég geti svifið
suður yfir höf.
Langt í burt ég líða vil,
ljá mér samfylgd þína!
Enga vængi á ég til
utan löngun mína,
utan þrá og æskulöngun mína.
Lof mér við þitt létta fley
lítið far að binda;
brimhvít höf ég óttast ei
eða stóra vinda.
Eftir mér hún ekki beið, –
yst við drangann háa
sá ég hvar hún leið og leið
langt í geiminn bláa,
langt í geiminn vegalaus, bláa.